## *Alcopley sýnir að Kjarvalsstöðum*

**LISTRÁÐ mun gangast fyrir yfirlitssýningu á verkum hinz kunna vísinda- og myndlistarmanns Alcopleys að Kjarvalsstöðum dagana 10—25. september.**

Alcopley er Íslendingum vel kunnur, ekki sízt vegna þess að hann var eiginmaður Nínu Tryggvadóttur, auk þess er hann einn fremsti sérfræðingur veraldar í blóðrannsóknum. Listráð hélt blaðamannafund vegna sýningar þessarar.

Alcopley sagði í stuttu spjalli við Morgunblaðið: „Þetta er fyrsta sýning mín á Íslandi, og jafnfram stærsta yfirlitssýning mín. Hún nær yfir síðastliðin 33 ár, og um 300 myndir mínar eru á þessari sýningu, teikningar, vatnslitamyndir, málverk o.fl.

Ég veit ekki alveg hve margar sýningar ég hef haldið, u.þ.b. 40, og ég hef einnig tekið þátt í mörgum hópsýningum.

Það er mér mikill heiður að fá að sýna hérna, Nína Tryggvadóttir seinni konan mín, var héðan, og ég ber miklar og sterkar tilfinningar til þessa lands.

Ég er mjög þakklátur þeim sem hafa sett sýninguna upp, þeir hafa unnið sitt verk frábærlega vel. Einnig var ég mjög þakklátur Herði Ágústssyni sem hefur hannað sýningarskrána.

Ég mun dvelja hér á landi fram í miðjan september, en þá fer ég til Flórens til vísindastarfa.

Ég er samsettur úr tveimur mönnum, vísindamanni og listamanni. Það er ekki erfitt fyrir mig, þetta er mitt eðli. Ég bý núna í New York og ég gæti hvergi annars staðar búið, ég elska borgina með öllum hennar göllum, en það er ekki þar með sagt að ég elski gallana, síður en svo", sagði Alcopley að lokum og hló við.



Alcopley hjá málverki sem er 25 metra langt, og mun verða hengt á norðurhlið Kjarvalsstaða meðan á sýningunni stendur.

## „Ég ber miklar og sterkar tilfinningar til þessa lands"

# „Augliti til auglitis"

**„Augliti til auglitis" heitir norræn myndlistarsýning sem opnuð verður á Kjarvalsstöðum laugardaginn 10. september. Norræna myndlistarbandalagið og Félag íslenzkra myndlistarmanna standa fyrir sýningunni, og hélt Fím blaðamannafund þar sem sýningin var kynnt.**

Norræna myndlistarbandalagið hefur gengizt fyrir samsýningum myndlistarmanna frá Norðurlöndum frá árinu 1946, og var síðasta stóra samsýningin í tengslum við Listahátíð í Reykjavík 1972. Síðan var ákveðið að gera hlé á slíkum samsýningum og leita nýrra leiða, og var Staffan Cullberg, sænskum listfræðingi, falið að setja saman norræna samsýningu með öðru sniði en áður.

Staffan Cullberg hefur einn séð um skipulagningu þessarar sýningar, valið sjálfur verkin og mótað hana. Hann lét sýninguna heita „Öga mot öga" eða á íslenzku: „Augliti til auglitis".

Staffan Cullberg segir svo um þetta „þema" í formála sýningarskrárinnar í lauslegri ísl. þýðingu: „Augliti til auglitis — það er í sænsku máli venjulegt orðalag, laust við viðkvæmni, og þýðir að mætast, hittast. Að



Frá sýningunni „Augliti til auglitis."

# Sovézkir kafbátar laumast bakdyramegin

**Í DANSKA blaðinu Weekend-avisen segir frá því að Sovétmenn hafi uppgötvað eins konar „bakdyr" út á Atlantshafið, fyrir kjarnorkukafbáta sína. Þetta hafi þær afleiðingar að endurskipuleggja verði varnarstefnu Bandaríkjanna og Atlandshafsbandalagsins.**

**Áreiðanlegar heimildir blaðsins greina frá því að sovézku kafbátarnir hafi í mörgum tilvikum kafað undir heimskautsbaugnum, farið um Kennedyskurðinn, ísilagða rennu milli vesturodda Grænlands og kanadísku eyjarinnar Ellesmere.**


**Norðurleiðin frá þessari rennu liggur á 82. norðlægri breidd, aðeins 830 km. fyrir sunnan Norðurpólinn. Í suðurátt liggur leiðin í áttina til Baffinsbugtar og Davissunds, sem gengur þvert á bauginn. Eftir að hafa farið þessa leið liggur leiðin út á Atlantshafið breið og bein.**

### Ábyrgð Kanada

Þessi nýja „skotleið" fyrir kafbátana þýðir að Sovétríkin geta komizt hjá því að fara með stærstu árásarvopn sín frá flotastöðinni í Kola eftir siglingaleiðum milli Íslands og Noregs, þar sem sterkasta kafbátavigi Atlantshafsbandalagsins er. Fyrir forsvarsmenn í aðalbækistöðvum Atlantshafsbandalagsins, fyrir Norfolkmiðstöðina og fyrir Isaac Kidd aðmírál, býður þetta því upp á öldungis ný vandamál. Kafbátavarnir verður að brjóta upp, aukið eftirlit í lofti og á sjó er nauðsynlegt. Þetta þýðir svo aftur, að hlutur Kanada í því að verja „bakdyrnar" hefur fengið aukna þýðingu og það hefur þegar komið fram, meðal annars í því að Kanadamenn hafa pantað átján langfleygar bandarískar Auroraflugvélar, sem eru útbúnar flóknustu og fullkomnustu rafeindatækjum meðal annars til kafbátaleitar.

Kanadamenn ætla ennfremur að endurnýja flota sinn með því að bæta í hann nokkrum splunkunýjum tundurspillum.

Varnir á sjóleiðinni milli Grænlands og nyrztu kanadísku eyjanna eru í verkahring Kanadamanna. Vænta má þess að fregnir um ferðir Sovétmanna inn um bakdyrnar — þótt óstaðfestar séu enn — svo uggvekjandi sem þær eru, séu komnar frá kanadísku stöðinni „Alert" sem er á norðurodda Ellesmere. Í þessari nyrztu stöð allra slíkra starfa hundruð kanadískra sérfræðinga.




Örvarnar benda á flotaleiðir Sovétmanna sem farnar yrðu ef til styrjaldarátaka kæmi.

### Umfangsmiklar heræfingar

Bandaríska haldreipið Thule á Grænlandi er um það bil 700 km sunnar, en sá staður mun fá aukið

## Vaxandi áhyggjur vegna nýrrar siglingaleiðar sovézkra kjarnorkukafbáta